

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 BORGARNES

Garðabær, 18. október 2023  
Málsnúmer: 202307-0025  
SS

**Efni: Umsögn um breytingu á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.**

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. þann 20. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem fjallar um breytta stefnu fyrir landbúnaðarsvæði.

Vegna mistaka láðist að senda umsögn á auglýstum umsagnartíma og er beðist velvirðingar á því og þakkað fyrir tækifæri til að senda inn umsögn þó seint sé.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Margt áhugavert og jákvætt er í nýrri stefnu um landbúnaðarsvæði en Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði sem mætti bæta umfjöllun um.

Í fyrsta lagi þá er við skipulag landbúnaðarlands, sérstaklega þegar verið er að taka ósnortið land undir nýtt landbúnaðarland, mikilvægt að horft sé til náttúrufræðis svæða og verndargildis þeirra og lagt mat á hvaða áhrif breytt landnotkun mun hafa. Taka þarf tillit til ólíkra náttúrufræðisþætta og má þar sérstaklega nefna landslag og jarðminjar, vistgerðir og búsvæði dýra sérstaklega fugla. Meta þarf gæði gagna um náttúrufræðisþættina og hvort ástæða sé til að bæta gögn. Í stefnu um landbúnaðarland ætti að setja almenna skilmála um að tryggt sé að landbúnaður sé ekki að valda tjóni á náttúruminum með hátt verndargildi. Í stefnunni eru skilmálar þessu tengdir s.s. skilmáli um að „landnýting [skuli] vera í sátt við náttúrna“ og að „við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir [skuli] forðast að raska verndarsvæðum“ og einnig eru mikilvæg atriði í umhverfisviðmiðum umhverfisskýrslunnar t.d. varðandi vernd líffræðilegrar fjölbreytni og verndarsvæði, en það má kannski betur vísa í hlutverk upplýsinga og faglegs mats á verndargildi í því sambandi.

Einnig ætti að skoða tiltekin atriði sérstaklega er varða líffræðilega fjölbreytni sem algengt er að verði fyrir áhrifum af landbúnaði. Þar vega þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar áhrif á votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi sem mikið hefur verið raskað á landsvísu vegna landbúnaðar, og svo fuglar sem nýta sér landbúnaðarsvæði og eða nágrenni þeirra.

Varðandi vistgerðir er mikilvægt að stefna fyrir landbúnaðarsvæði feli í sér skýr markmið um að vernda og endurheimta votlendi eins mikið og hægt er. Röskuð votlendi eru víða í nálægð við landbúnaðarland og enn er framræsla stunduð í meira mæli en endurheimt. Bæta þarf stöðu þessara vistgerða enda votlendi mikilvæg búsvæði og sinna öflugri vistkerfisþjónustu s.s. miðlun vatns og næringarefna til straum- og stöðuvatna, temprun flóða og kolefnisbinding. Tækifæri til endurheimtar og verndunar votlendis eru óvída meiri á láglandi en á



landbúnaðarsvæðum og setja ætti markmið um slíkt í skilmála stefnunnar að mati Náttúrufræðistofnunar. Víða er vísað í að hlífa eigi votlendi en markvissari skilmála um endurheimt mætti setja í stefnuna.

Einnig ætti að setja skilmála í stefnuna um markmið um verndun búsvæða fugla, sér í lagi ábyrgðartegunda, eins og margra mófuglategunda. Fjallað er um þetta í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu fyrir heildarendurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 frá 15. september 2023, m.a. í samhengi við skipulag frístundabyggða en það á ekki síst við um skipulag landbúnaðarsvæða. Landbúnaður getur í senn stuðlað að viðhaldi búsvæða t.d. getur hófleg beit og túnrækt stutt við tegundir mófugla sem velja sér opin gras- og mólendi sem búsvæði. Það á við um ábyrgðartegundir eins og heidlóu, stelk og spóa. Á hinn bóginn getur framræsla votlendis, skógrækt, mannvirkjagerð og ofbeit haft neikvæð áhrif á sömu tegundir sem og fleiri. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða til að ávarpa þetta sérstaklega enda víða sem þessum fuglategundum fer fækkandi á láglandi þar sem búsvæðum þeirra er ógnað af margvíslegri landnotkun sem sum tengist landbúnaði.

Almennt skiptir máli við verndun náttúrufarsþátta, sér í lagi lífríkisþátta, að horft sé til þess að varðveita lítt snortnar heildir sem eru ekki of litlar og sem eru ágætlega tengdar hvor annari frekar en mörg, smá og einöngruð svæði. Þetta þarf að hafa í huga við heildstætt skipulag landbúnaðarlands sem gjarnan dreifist á margar jarðir. Samfella svæða sem eru undir vernd eða sem ekki eru tekin undir nýtingu skiptir því töluverðu máli.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þessi atriði sem hér hafa verið nefnd sem og fleiri er varða áhrif landbúnaðar á náttúru í Borgarbyggð.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

